

Samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins - Greinargerð um breytingatillögur stjórnar

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins ákvað á fundi sínum, dags. 26. október 2022, að leggja til breytingar á samþykktum sjóðsins. Tillögurnar verða teknar fyrir á aukaárfundi lífeyrissjóðsins sem fer fram fimmtudaginn 10. nóvember 2022 kl. 17:00 í húsaárfundi Landsbankans hf., Austurstræti 11. Allar breytingatillögurnar er að finna í meðfylgjandi skjali þar sem breytingar eru sérstaklega auðkenndar. Sumar breytinganna eru þess eðlis að þær þarfnast ekki nánari útskýringa og skýra sig sjálfar. Aðrar breytingatillögur eru veigameiri og m.a. til komnar vegna halla á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og verða útskýrðar nánar hér á eftir.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga (heildarskuldbinding) ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. Samkvæmt 27. gr. sömu laga skulu samþykktir lífeyrissjóða miðaðar við að lífeyrissjóður geti staðið við skuldbindingar sínar.

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins er unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Við útreikning tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrissjóðs er skuldbindingum sjóðsins skipt í áfallin réttindi eða áfallna stöðu, annars vegar og framtíðarstöðu eða framtíðarréttindi hins vegar. Saman mynda þessar skuldbindingar heildarskuldbindingar lífeyrissjóðsins.

Áfallin réttindi samsvara þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér með greiðslu iðgjalda til sjóðsins. Framtíðarréttindi eru þau réttindi sem sjóðfélagi ávinnur sér ef hann heldur áfram að greiða til lífeyrissjóðsins út starfsævina. Samkvæmt niðurstöðum tryggingastærðfræðings voru heildareignir samtryggingadeildar lífeyrissjóðsins í lok árs 2021 10,1% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar.

Eins og áður segir mynda áfallin staða og framtíðarstaða heildarskuldbindingu sjóðsins, en mikið ójafnvægi var á þessum tveimur undirliggjandi þáttum. Þannig var áfallin staða jákvæð um 601,9 m.kr. eða sem nam 2% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding var hins vegar um 8,1 ma. kr. hærri en eignir eða sem nam 18,2%.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2020 var heildarskuldbinding sjóðsins neikvæð um 1,0%. Mikil breyting á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli ára skýrist af nýjum dánar- og eftirlifendatöflum sem gefnar voru út af fjármála- og efnahagsráðherra í lok árs 2021. Töflurnar byggja á tillögum Félags Íslenskra tryggingarstærðfræðinga. Grundvallar breyting frá fyrra reiknigrundvelli er að lífslíkur eru nú taldar mismunandi eftir fæðingarári. Undanfarna áratugi hefur orðið lækkun á aldursbundinni dánartíðni og er í hinum nýja reiknigrunni gert ráð fyrir framhaldi á þeirri þróun. Þetta leiðir til þess að gert er ráð fyrir að meðalævi lengist með hækkandi fæðingarári.

Í ljósi alls framangreinds leggur stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins til, á grundvelli tillagna frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins, að gera breytingar á samþykktum og réttindatöflum sjóðsins. Breytingarnar fela í sér að upp verða teknar nýjar réttindatöflur sem taka mið af aldri og fæðingarári sjóðfélaga sbr. það sem áður sagði um tengsl meðalævilengdar og fæðingarárs. Þar sem gert er ráð

fyrir að sjóðurinn muni greiða lífeyri lengur til þeirra sem yngri eru fer réttindaöflun lækkandi með hækkun fæðingarárs. Þá er aldursári viðmiðunar lágmarkstryggingaverndar einnig breytt, úr 25 í 20. Að lokum er iðgjald til samtryggingar í öllum útgreiðsluleiðum (leið I til IV) hækkað, þ.e. úr 7,99% í 8,8% í leið I, úr 5,83% í 6,90 í leið II, úr 4,27% í 5,14% í leið III og úr 3,27% í 3,80% í leið IV.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins eftir breytingar á iðgjaldi og réttindatöflum verður sú að áfallin staða verður jákvæð um 565,6 m.kr. eða sem nemur 1,9%. Þá verður framtíðarstaða jákvæð um 329,9 m.kr. eða sem nemur 0,8%. Heildarstaða sjóðsins eftir breytingar verður jákvæð um 895,5 m.kr. eða sem nemur 1,3%.

Helstu breytingar á samþykktum sjóðsins:

6. gr. Ársfundur

6.1 Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á ársfundi eiga stjórnarmenn sjóðsins, fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við, auk sjóðfélaga og réttihafa. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með þriggja vikna fyrirvara. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef fimmtíu sjóðfélagar krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukafundur skal boða á sama hátt og ársfundur. Stjórn getur ákveðið að stjórnarkjör á ársfundi fari fram með rafrænum hætti. Fyrirkomulag rafrænnar kosningar skal kynnt í fundarboði. Rafræn kosning skal hefjast að lágmarki viku fyrir ársfund. Niðurstöðu kosningar skal kynna á ársfundi.

Skýring:

Til að auðvelda sjóðfélögum Íslenska lífeyrissjóðsins og auka þátttöku í stjórnarkjöri leggur stjórn til að hægt verði að kjósa með rafrænum hætti.

8. gr. Iðgjöld

8.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn tekur bæði við iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign sbr. III. kafla lífeyrisslaganna og iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda í séreign sbr. II. kafla sömu laga. Sjóðurinn tekur jafnframt við iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda í tilgreindri séreign.

8.2 Íslenski lífeyrissjóðurinn tryggir sjóðfélögum lágmarkstryggingavernd sbr. ákvæði 4. gr. lífeyrisslaganna, með móttöku ~~12~~15,5% lágmarksiðgjalds.

8.3 Fjárhæð iðgjalds sem eingöngu er ætlað til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla lífeyrisslaganna er frjáls og laus til útborgunar við 60 ára aldur.

8.4 Íslenski lífeyrissjóðurinn ákveður, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III. kafla lífeyrisslaganna og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla sömu laga.

Skýring:

Samkvæmt breytingum á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hækkar lágmarksiðgjald úr 12% í 15,5% þann 1. janúar 2023. Iðgjaldið hefur verið 15,5% skv. flestum kjarasamningum s.l. ár þannig að breytingin nær fyrst og fremst til þeirra sem standa utan þessara kjarasamninga.

8.12 Tilgreind séreign myndast af iðgjaldi sjóðfélaga sem greiðir skylduiðgjald til annars lífeyrissjóðs en Íslenska lífeyrissjóðsins. Tilgreind séreign er að fullu séreign sjóðfélagans. Við andlát sjóðfélaga fellur tilgreinda séreignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 67 ára aldri. Þó er heimilt að hefja útborgun með jöfnum greiðslum frá 62 til 67 ára aldurs. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá tilgreinda séreign og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Hafi lífeyrissjóður sem samtryggingarhluti iðgjalds er greiddur til aðrar reglur fer um útborgun tilgreindrar séreignar samkvæmt þeim.

9. gr. Séreignarsparnaður – almennt

9.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn tekur við iðgjöldum sem ráðstafað er til séreignarbýður upp á samninga um öflun lífeyrisréttinda í séreign (séreignarsparnað) sbr. ákvæði II. kafla lífeyrisslaganna og samninga um tilgreinda séreign. Séreign skiptist í frjálsa séreign af lágmarksiðgjaldi, bundna séreign, frjálsa séreign af viðbótariðgjaldi og tilgreinda séreign.

9.2 Greiðsla viðbótariðgjalds í séreignardeild (frjálsa séreign) sem og greiðsla í tilgreinda séreign skulu byggjast á skriflegum samningi við sjóðinn í samræmi við ákvæði lífeyrisslaganna.

Skýring:

Ákvæði um tilgreinda séreign hafa nú verið bundin í lög, sbr. breytingar á lögum nr. 129/1997. Íslenski lífeyrissjóðurinn tekur ekki við tilgreindri séreign í gegnum iðgjald sem greitt er til sjóðsins. Sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum sem taka við tilgreindri séreign geta flutt tilgreinda séreign til Íslenska lífeyrissjóðsins og ávaxtað hana þar.

13. gr. Útgreiðsluleiðir samtryggingar

13.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn býður mismunandi kosti (leiðir I–IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og velja sjóðfélagar milli kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I. Frá og með 15. maí 2003 geta sjóðfélagar eingöngu valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem völdu leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Leið I – Lágmarkstryggingavernd er eingöngu tryggð í samtryggingu. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 70 ára aldur. Í þessari leið er 8,807,99% af lágmarksiðgjaldi ráðstafað til samtryggingar og 4,01% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Leið II – Lágmarkstryggingavernd er tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 75 ára aldur. Í þessari leið er 6,905,83% af lágmarksiðgjaldi ráðstafað til samtryggingar og 2,60% ráðstafað til bundinnar séreignar. og 3,57% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Leið III – Lágmarkstryggingavernd er tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 80 ára aldur. Í þessari leið er 5,144,27% lágmarksiðgjalds ráðstafað til samtryggingar og 4,69% ráðstafað til bundinnar séreignar og 3,04% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Leið IV – Lágmarkstryggingavernd er tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 85 ára aldur. Í þessari leið er 3,8027% lágmarksiðgjalds ráðstafað til samtryggingar og 6,56% ráðstafað til bundinnar séreignar og 2,17% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25-20 ára aldur.

13.2 Sjóðfélagi ber að greiða til sjóðsins það lágmarksiðgjald sem sjóðurinn áskilur til öflunar lágmarkstryggingaverndar í samræmi við þá leið sem valin er sbr. gr. 13.1. [Íðgjald umfram það sem fer í lágmarkstryggingavernd rennur í frjálsa séreign.](#)

Skýring:

Á árinu 2003 var ákveðið að heimila ekki nýjum sjóðfélögum að greiða í útgreiðsluleiðir II og IV. Eldri sjóðfélagar gátu þó haldið áfram að greiða í leiðirnar. Með breytingunni hér leggur stjórn til að heimila nýjum sjóðfélögum að greiða til allra leiða sjóðsins. Varðandi breytingar á iðgjaldshluta samtryggingar er vísað til athugasemda framar í greinargerðinni.

Breyting lífeyrisaldurs

14.2 Sjóðfélagi sem valið hefur leið I, sbr. gr. 13.1, getur flýtt töku ellilífeyris úr samtryggingardeild ~~fram~~ til 65 ára aldurs eða frestað töku ellilífeyris ~~fram~~ til 80 ára aldurs og lækkar þá eða hækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. ~~töflu 5 í viðaukaréttindatöflu sjóðsins.~~ [Sjóðfélagi sem valið hefur leið II til IV, sbr. gr. 13.1, getur flýtt töku bundinnar séreignar til 65 ára aldurs. Fjárhæð mánaðarlegs lífeyris úr bundinni séreign lækkar til samræmis við lengingu úttektartímabils. Greiðslur úr samtryggingardeild eru óbreyttar og hefjast þegar greiðslum úr bundinni séreign lýkur, sbr. gr. 13.1.](#)

Skýring:

Hér er lagt til að sjóðfélagar í útgreiðsluleiðum II til IV geti hafið töku lífeyris frá 65 ára aldri með því að dreifa bundinni séreigninni yfir allt að 5 árum lengri tíma en núgildandi samþykktir gera ráð fyrir. Engar breytingar eru gerðar á úttekt úr samtryggingardeild.

19.1 Lífeyrir úr samtryggingardeild og bundinni séreign greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn næsta mánuð eftir að lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Stjórn sjóðsins er ekki skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en ~~fjögur~~ tvö ár, reiknaðan frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Skýring:

Hér er lagt til að stytta tímann sem sjóðnum er skylt að úrskurða lífeyri aftur í tímann, þ.e. úr fjórum árum í tvö ár. Með hliðsjón af hagsmunum sjóðsins og almennri framkvæmd hjá öðrum lífeyrissjóðum þykir rétt að stytta þennan tíma.
